

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta menntamálanefndar.

Fyrsti minni hluti tekur að mestu leyti undir álit meiri hlutans. Hann getur þó ekki felld sig við þau vinnubrögð sem viðhöfð eru við gerð fjárlaga og þá einkum úthlutun á svokölluðum safnliðum sem hafa í gegnum árin ekki byggst á faglegum forsendum, verið tilviljunarkennd og jafnvel stjórnað af sérhagsmunagæslu.

Fyrsti minni hluti leggur til að fyrirkomulag við úthlutun fjármuna af safnliðum sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið verði endurskoðað og gerðar á því róttækar breytingar hið fyrsta svo að fagleg sjónarmið ráði för. Lagt er til að fjármunir á safnliðum 02-919-1.90, 02-919-1.98, 02-919-6.90, 02-919-6.45, 02.982-1.90, 02.983-1.11 og 02.999-1.90 verði færðir í fjárlagaliði sjóða sem hafa það lögbundna hlutverk að styrkja lista- og menningarstarfsemi. Sjóðunum ber að meta umsóknir á faglegum forsendum og meta allar umsóknir á sama kvarða. Auk þess hafa sjóðirnir ákveðið eftirlitshlutverk og eiga að ganga eftir því að fjármuninum sé varið í þau verkefni sem þeim er úthlutað til en eftirlit af hálfu menntamálanefnar hefur ekki verið fyrir hendi. Bókmenntasjóður styrkir til að mynda ekki útgáfu bóka sem koma ekki út.

Sjóðirnir sem um ræðir eru bókmenntasjóður, safnasjóður, húsafriðunarsjóður, tónlistarsjóður, barnamenningsjóður, fornleifasjóður og Kvikmyndasjóður en einnig má nefna starfsemi atvinnuleikhópa. Eins hafa verið gerðir menningarsamningar við sveitarfélög á landsbyggðinni og mætti nota þessa fjármuni til að efla þá.

Í svari við fyrirspurn til mennta- og menningarmálaráðherra sem undirrituð lagði fram um útgáfuverkefni sem fjárlaganefnd hefur styrkt (þskj: 1118, 389. mál á 138. löggjafarþingi) kemur fram að óheyrilegum fjármunum hefur verið varið til ýmissa útgáfuverkefna sem aldrei hafa litið dagsins ljós og eftirlit og eftirfylgni með verkefninum hefur verið í mýflugumynd.

Alþingi, 18. nóv. 2010
Margrét Tryggvadóttir

138. löggjafarþing 2009–2010.
Þskj. 1118 — 384. mál.

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um styrki til útgáfumála og eftirlit með notkun fjár.

1. *Hvaða verkefnum frá árunum 2000–2010 á fjárlagalið 02-983-1.11, styrkir til útgáfumála, hefur verið lokið með útgáfu?*
2. *Hver er staða annarra verkefna, hvenær verður þeim lokið?*

Sjá eftirfarandi töflu þar sem fram kemur yfirlit yfir styrkveitingar, hver staða verkefnanna er og hvort þeim hefur lokið með útgáfu.

Styrkir til útgáfumála á fjárlögum, 02-983-1.11, fjárhæðir í þús. kr.

	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	Samtals	Staða útgáfu
Alfræði íslenskra bókmennta og bókmenntafræða			2.500									2.500	Stefnt að útgáfu 2009
Alfræðiorðabók sjávarútvegsins							500					500	Umsækjandi látinn
Bókasafn Dagsbrúnar, útgáfustarfsemi verkalyðshreyfingar					1.000							1.000	Í vinnslu
Bókaútgáfan Hólar, vísnaverkefni		5.000	5.000	3.300	1.500							14.800	Útgáfa 2006 og 2007
Búnaðarsamband Vestfjarða, Sögufélög ...		2.000	2.000		500							4.500	Ýmsar útgáfur
Byggða- og atvinnusaga Súðavíkurhrepps							1.000					1.000	Stefnt var að útgáfu 2006
Byggðasaga Skagafjarðar		2.000	3.000	3.000		2.000	1.000					11.000	Mörg bindi komin út
Börn og bækur, IBBY á Íslandi		1.000	1.000	1.000	500	500	400	400				4.800	Tímarit, útg. frá 1997
Charlie Strand, Project Iceland	1.500	500										2.000	Í vinnslu
Eldflugan, verkefnið Blábyrgi			500									500	Útg. bækur á DVD
Eyrbyggjar, útgáfustarf á menningar- og sögutengdu efni		600	600	500	500	400	400	400				3.400	9 binda ritröð komin út
Flateyri 1995, heimildarrit			2.000									2.000	Í vinnslu
Færeysk orðabók, útgáfa orðabókar	3.000	5.000	8.000	7.000	2.400	1.800	1.800	2.500	2.000	2.500	1.000	37.000	Í vinnslu, verk hálfnað
Héraðssambandið Skarphéðinn, ritun og útgáfa 100 ára sögu			500									500	Í vinnslu
Íslendingasögur á dönsku, norsku og sænsku	3.000	10.000	12.000	10.000								35.000	Í vinnslu
Íslensk-tékknesk/ tékknesk íslensk orðabók		1.000										1.000	Stefnt er að útgáfu 2012
Jón Björnsson, Íslensk áraskip á 19. og 20. öld							600	500			700	1.800	Verkefnastyrkur
Jón Björnsson, Íslensk skip										1.000		1.000	Verkefnastyrkur
Kennslubók í nútalestri			1.500									1.500	Útgáfu að ljúka
Kennsluefni um V-Norðurlönd: Ísland, Grænland, Færeyjar			1.000									1.000	Í vinnslu
Kjarvalsstofa					2.000							2.000	Styrkur til menningarstarfs
Kvæðamannafélagið Iðunn				500								500	Gömuú útgáfa
Lífriki Íslands		3.000										3.000	Í vinnslu
Menningarsaga Skarðstrendinga								200				200	Vinnustyrkur
Nesútgáfan, útgáfa um listferil Kjarvals						500	500	1.000				2.000	Útg. 2005
Oddur Helgason, ættfræðirannsóknir				1.000	1.000	800	800	1.500	1.000			6.100	Gagnagrunnur
ÓRG ættfræðipjónusta		2.000	2.000									4.000	Gagnagrunnur
Óskipt								3.500	3.500	1.000	1.300	9.300	Í sérstöku yfirliti
Pétur M. Jónsson, „Lífriki Þingvallavatns“											1.500	1.500	Útg. 2002
Reykholtsverkefnið		2.000	2.000									4.000	Í vinnslu
Rit um fornleifarannsóknir á miðaldakaupstað á Gásam												7.500	Í vinnslu
2001–2006		3.000	4.500									7.500	Í vinnslu
Rit um íslenska skipstjórnarmenn		1.000										1.000	Útg. 2006 1. bindi af sex

	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	Samtals	Staða útgáfu
Saga íslenskrar utanlandsverslunar 900-2002										2.000		2.000	Tveggja binda verk, í undirbúningi
Sigrún Helgadóttir, bók um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum			2.000									2.000	Útg. 2008
Snorrasambandið, ævisaga Snorra Sturlusonar			1.500									1.500	Útg. 2010
Strandir, byggðasaga		1.500	1.500	1.000	1.000							5.000	Stefnt að útgáfu 2010-12
Sverrir Gíslason, ljósmyndabækur			500									500	Útg. 2007 Gluggasteinn
Útgáfufélagið Guðrún, útgáfa fornbókmennta á erl. tungum.			2.000	3.300	3.000	3.000	500					11.800	Útgáfa og kynning, í vinnslu
Vefsíðan ljóð.is		1.000										1.000	Vefútgáfa, gagnagrunnur
Vinir Skaftafells og Jack Ives				1.900								1.900	Stefnt var að útgáfu 2007
Þjóðsagan um Gretti, teiknimynd							1.000	1.000				2.000	Óvíst um verklok
Þróun glímu í íslensku þjóðfélagi í ellefu aldir								500				500	Útg. 2006
Önfróðingafélagið í Reykjavík						1.000						1.000	Vefsíða
Örlygur Hálfðánarson, Íslensk menning á mótum nýrrar aldar											1.000	1.000	Undirbúningur 3. bindis
Örlygur Hálfðánarson									1.000			1.000	Sama og 2001
Örlygur Hálfðánarson, Aldahvörf										1.000		1.000	Sama og 2001 og 2002
Örlygur Hálfðánarson, ritverk um íslenska þjóðmenningu							1.000					1.000	Stefnt var að útgáfu 2003
Örlygur Hálfðánarson, Úr torfbæjum inn í tækniöld				1.000		1.500						2.500	Útg. 2003
Örnefna- og sagnarit Skeiðamanna		1.000										1.000	Útg. 2009/2010
	7.500	41.600	55.600	33.500	13.400	12.500	7.500	12.500	7.500	7.500	5.500	204.600	

3. *Hvaða reglur gilda um eftirlit með notkun fjár af fjárlagalið 02-983-1.11?*

Engar skriflegar reglur gilda um eftirlit með notkun fjár af þessum fjárlagalið en menningarskrifstofa ráðuneytisins hefur sett sér ákveðið vinnulag þegar kallað er eftir styrkjum sem veittir eru af öllum liðum fjárlaga sem heyra undir skrifstofuna, þar á meðal af fjárlagalið 02-983-1.11. Áður en styrkur er greiddur biður ráðuneytið styrkþega um að leggja fram verk- og kostnaðaráætlun fyrir verkefnið og er þá oft óskað ítarlegri upplýsinga en koma fram í umsókn viðkomandi til Alþingis. Jafnframt er þess óskað að styrkþegar sendi ráðuneytinu greinargerð um framvindu verkefnisins eða lok þess fyrir næstu áramót eftir að viðkomandi styrkur er greiddur. Þetta vinnulag er viðhaft hvort sem ráðuneytinu hefur borist afrit af umsóknunum frá Alþingi eða ekki. Veiti Alþingi framhaldsstyrki til sama verkefnis fæst næsti styrkur ekki greiddur nema fyrir liggi áðurnefnd greinargerð um notkun styrksins frá árinu áður. Í undirbúningi er að efla enn frekar eftirlit með notkun styrkfjárins með því að halda eftir 20% af styrk þar til fyrir liggur lokagreinargerð sem er í samræmi við lýsingu á verkefninu.

4. *Hvernig hefur eftirliti með notkun fjárins verið háttáð af hálfu ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar?*

Eins og fram kemur í svari við 3. lið fyrirspurnarinnar kallar ráðuneytið eftir verk- og kostnaðaráætlun áður en styrkur er greiddur og greinargerð um framvindu eða verklok fyrir næstu áramót. Viðkomandi máli er ekki lokað af hálfu ráðuneytisins fyrr en umrædd greinargerð hefur borist, en í sumum tilvikum getur dregist nokkuð að styrkþegar skili slíkum greinargerðum.

Í tilefni fyrirspurnarinnar var einnig óskað eftir svari frá Ríkisendurskoðun. Svar við erindi ráðuneytisins barst í tölvupósti 12. apríl sl.: „Ríkisendurskoðun hefur almennt ekki sérstakt eftirlit með ráðstöfun styrkja hjá ráðuneytum. Hins vegar hefur Ríkisendurskoðun fjallað almennt um það verklag sem hefur verið í gildi hjá ráðuneytum almennt. Í því sambandi má benda á skýrslu stofnunarinnar „Skuldbindandi samningar ráðuneyta og styrkveitingar ríkissjóðs á árinu 2006“ sem út kom í mars 2007... Þá má benda á skýrslu Ríkisendurskoðunar „Íslensk muna- og minjasöfn. Meðferð og nýting á ríkisfé“ sem út kom árið 2009 og fjallar um styrkveitingar úr safnasjóði og öðrum fjárlagaliðum.“

5. *Hafa fjárveitingar til verkefna verið stöðvaðar vegna þess að skilyrði fyrir veitingu fjár voru ekki uppfyllt? Ef svo er óskast gerð nánari grein fyrir þeim tilvikum.*

Styrkir hafa ekki verið greiddir út nema fyrir liggi umbeðin verk- og kostnaðaráætlun. Frekari styrkir hafa heldur ekki verið greiddir út nema að fenginni greinargerð, sbr. svar við 3. lið fyrirspurnarinnar. Í slíkum tilvikum hefur greiðslum verið haldið eftir þar til umbeðin gögn hafa borist.

6. *Var óskiptum fjárveitingum í einhverjum tilfellum ráðstafað? Ef svo er, til hvaða verkefna?*

Á árunum 2000–2003 var eftirfarandi fjárhæð á óskiptum lið undir þessum fjárlagalið: 1,3 millj. kr. árið 2000, 1 millj. kr. árið 2001, 3,5 millj. kr. árið 2002 og 3,5 millj. kr. árið 2003. Ákvarðanir um veitingu styrkja af þessum óskipta lið voru teknar af menntamálaráðherra að fengnum tillögum frá fagskrifstofu ráðuneytisins á sviði menningarmála. Þessir styrkir voru að jafnaði miklu lægri en styrkir sem Alþingi ákvað í fjárlögum á þessum árum. Frá árinu 2004 hefur ekki verið nein fjárhæð á óskiptum lið 02-983-1.11 Styrkir til útgáfumála.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit um styrkveitingar af óskiptum lið 2000–2003.

Ráðstöfun óskiptra fjármuna á fjárlagalið 02-983-1.11 árin 2000–2003.

	Styrkur
<i>2000</i>	
Haukur Guðlaugsson, kennslubók í organleik 2. hefti.	100.000
Hið íslenska fornleifafélag, árbók 2000	250.000
Matthías Viðar Sæmundsson, Kistan, vefrit um hugvísindi, alþjóðleg útgáfa	200.000
Sendiráðið í Peking, útgáfa á Íslendingasögum á kínversku	545.613
Sigurbjörn Einarsson, ævisaga Jóns Steingrímssonar	190.000
Sigurður Samúelsson vegna þýðingar: Sjúkdómar og dánarmein íslenskra formanna	200.000
Þjóðleikhúsið vegna sögu leikhússins	3.000.000
Ættfræðifélagið, Manntal 1910, 5. bindi	100.000
<i>2001</i>	
Edizioni Parnaso, utanríkisráðuneyti, útgáfa á forníslenskrum málfræði á ítölsku	155.806
Margrét H. Auðardóttir, útgáfa á „Byggð og tímatal í N-Atlantshafi“	500.000
Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða, útgáfa stefnuýfirlýsingar IFLA um skólabókasöfn	50.000
Utanríkisráðuneytið, útgáfa norrænnar bókar um norræna setningarfræði eftir dr. Anton Zimmerling	75.000
Utanríkisráðuneytið, útgáfa Íslendingasagna á rússnesku, 1. og 2. bindi	350.000
<i>2002</i>	
Borgarbyggð, Sögur og samfélög, vegna alþjóðlegrar ráðstefnu	300.000
Caviar Music Publishing, kynning á íslenskrum tónlist erlendis	300.000
Gísli Sigurðsson, þýðing á Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar: tilgáta um aðferð	500.000
Jöklarannsóknafélag Íslands vegna útgáfu Jökuls	250.000
Landsbókasafn – Háskólabókasafn, kaup á Íslenskrum bókaskrá 2000	102.000
Músík og saga ehf. vegna tölvusetningar þjóðlagasafns sr. Bjarna Þorsteinssonar	500.000
Rithöfundasambandið vegna höfundamiðstöðvar	100.000
Utanríkisráðuneytið, útgáfa ritsins „Cahier n°4 Rencontres d' Aubrac“ á frönsku	137.897
Vefkistan.is vegna vefs um mennta- og menningarmál	200.000
<i>2003</i>	
Skipulags-, arkitekta- og verkfræðistofan ehf., útgáfa á tímaritinu AVS á ensku og íslensku	700.000
Félag þjóðfræðinga á Íslandi vegna Ókindarkvölds í Iðnó	100.000
Finnbogi Guðmundsson, útgáfa á ritgerðum og ræðum um íslenskt efni á ensku	100.000
Gísli Sigurðsson, þýðing á Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar: tilgáta um aðferð	500.000
Hið íslenska bókmenntafélag, þýðing á Jökla-riti Sveins Pálssonar	200.000
Hið íslenska fornleifafélag, árbók 2003	300.000
Horse Shoe Publishing, útgáfa Grettissögu	99.029
Jenný Karlsdóttir og Oddný Magnúsdóttir vegna rannsókna á altarisdúkum	150.000
Jóhann J. Ólafsson, útgáfa á Wagner og Völsungum eftir Árna Björnsson	300.000
Jón Þórisson, þátttaka í ráðstefnunni „Theories for scriptwriting“ í Prag, apríl 2003	75.000
Jonas Ahola, þýðing Gísla sögu Súrssonar	210.225
Kómediuleikhúsið, kennslurit um leikræna tjáningu	100.000
Kristina R. Berman vegna verkefnis um íslenska jurtaglitið	250.000
Kvinnasögusafn Íslands, útgáfa bæklingisins „Kvinnasöguslóðir í Kvosinni“	150.000
Leiklistarsamband Íslands, útgáfa „Theater in Iceland 2003“	300.000
Leo Ingason, til að vinna að ritun og rannsóknum á hollensk-íslenskum samskiptum á fyrri öldum	100.000
Listasafn Ísafjarðar, kaup á listaverkum og opunarhátíð	200.000

	Styrkur
Orðabók Háskólans vegna grunns að íslensk-sænskri/íslensk-norskri orðabók	600.000
Raunvísindastofnun HÍ, útgáfa á tímariti um raunvísindi og stærðfræði	200.000
Sendiráð Íslands í Peking, útgáfa bóka á kínversku/ensku um líf og störf listamannanna Sigurðar Guðmundssonar og Rúriar	101.909
Skjalasafn Ísafjarðar/Ísafjarðarbær, kaup á gömlum herforingjaráðskortum af Vestfjörðum	200.000
Société des études nordiques, Francois-X, útgáfa tímaritsins Proxima Thulé V volume	200.988
Trausti Valsson vegna þýðingar á bókinni „Skipulag byggðar á Íslandi“	150.000
Vésteinn Ólafsson, stofnun Árna Magnússonar, útgáfa á ritinu „Samræður við söguöld“ á Ítalíu	250.000
Veturliði Óskarsson, útgáfa á „Middelnedertyske låneord i Islands diplomsprog frem til år 1500“	250.000